

# Fundasköp Ljósmaðrafélags Íslands

## 1. gr.

Formaður setur fundi félagsins og stjórnar þeim eða tilnefnir fundarstjóra. Á aðalfundum skal tilnefning fundarstjóra borin undir atkvæði. Fundarstjóri tilkynnir í fundarbyrjun þau mál sem á dagskrá eru, í þeirri röð sem þau skulu tekin fyrir. Þá skal hann sjá um að allt fari fram með góðri reglu og að fundarsköpum.

## 2. gr.

Í fundarbyrjun les ritari síðustu fundargerð. Fundarstjóri ber hana síðan upp til samþykktar og skal hún síðan undirrituð af formanni, ritara og fundarstjóra ef hann er annar en formaður.

## 3. gr.

Fundarstjóri skal gefa fundarmönnum orðið í þeirri röð sem þeir óska þess. Skal ræðumaður halda sig við það mál sem til umræðu er. Ef umræður dragast úr hófi, getur fundarstjóri takmarkað þær. Einnig má bera fram tillögu um takmarkaðan ræðutíma.

## 4. gr.

Enga tillögu má taka til umræðu fyrr en hún hefur verið lesin af fundarstjóra. Allar tillögur skulu berast fundarstjóra skriflega og undirritaðar af flutningsmönnum.

## 5. gr.

Breytingatillögur skal bera undir atkvæði á undan aðaltillögu. Séu breytingatillögur fleiri en ein, skal fundarstjóri ákveða hver þeirra skal fyrst borin undir atkvæði.

## 6. gr.

Heimilt er hverjum fundarmanni að krefjast þess að tillögu sé vísað frá og sker stjórnin þá úr því hvort tillögu skuli vísað frá.